

Pá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, með vísan til l. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Hjörtur Ingþórsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 317/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararikissaksóknari)  
gegn

**Sigdóri Ólafi Sigmarssyni**

(Skúli Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. september sl. og jafnframt af hálfu ákærvalds. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 16. desember 1985 á óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 75 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að refsing verði ákveðin lágmarkssekt og að honum verði ákveðin málsvarnarlaun.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíakvæða.

Dómar frá 17. maí 1983 og 22. janúar 1985 svo og dómsátt frá 2. apríl 1987 hafa ekki itrekunaráhrif varðandi refsingu hans, þar

sem ekki er sérstaklega heimiluð aukin hegning við itrekun brots í 100. gr. nügildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 80. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Hins vegar ber að hafa hliðsjón af sakaferli ákærða við ákvörðun refsingar hans, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um hana.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Sigdórs Ólafs Sigmarssonar, og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 467/1988: Ákærvaldið gegn Sigdóri Ólafi Sigmarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákærskjali, dagsettu 14. júní 1988, gegn ákærða Sigdóri Ólafi Sigmarssyni sjómanni, til heimilis að Skipasundi 79 hér í borg, fæddum 1. ágúst 1927 á Neskaupstað, „fyrir að aka mánudaginn 31. ágúst 1987 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R-63372 frá Laugabrekku, Hellnum, Snæfellsnesi, að flugafgreiðslunni á Rífi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

*Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:*

Mánudaginn 31. ágúst 1987 var lögreglumaður á ferð á Rífi á Snæfellsnesi, er hann veitti bifreiðinni R-63372 athygli og ákvað að ræða við ökumann. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, Sigdór Ólafur

Sigmarsson, viðurkenndi í viðræðum við lögreglumann að hann væri sviptur ökuréttindum.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa þann 31. ágúst 1987 ekið bifreiðinni R-63372 sviptur ökuréttindum ævilangt frá Laugabrekku, Hellnum, að flugafgreiðslu á Rífi og síðan að vélsmíðu, þar sem lögreglan hafi haft tal af ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 1. september 1988. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-63372 sviptur ökuréttindum ævilangt frá Laugabrekku, Hellnum, Snæfellsnesi, mánudaginn 31. ágúst 1987 að flugafgreiðslunni Rífi, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af ákærða skömu síðar og stöðvað frekari akstur.

#### *Niðurstöður:*

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. 1. nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### *Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 7. júní 1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sex sinnum sætt refsíðdómum, þar af fimm sinnum m.a. fyrir ölvunarakstur, og er í fjórum þeirra kveðið á um sviptingu ökuleyfis, síðast í dómi 17. maí 1983 (ævilöng svipting). Ennfremur tilgreinir sakavottorð sjö dómsáttir, þar af þrjár vegna brota gegn 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.]

#### *Refsing ákærða.*

Dómurinn frá 17. maí 1983 ásamt dómi frá 22. janúar 1985 og dómsátt frá 2. apríl 1987 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, á brot ákærða sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar sem hann hlaut þann 16. desember 1985 á 75 daga eftirstöðvum refsingar. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða því hæfilega ákveðin með hliðsjón af því sem hér að framan er rakið 3 mánaða fangelsi.

*Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt l. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.  
 Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 370/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
 gegn

**Andrésí Bjarna Sigurvinssyni**

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar til refsibýngingar með stefnu 28. október sl. Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

Við refsíákvörðun ber að lita til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 70. gr. 1. mgr. 5. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og segir í dómsorði.